

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit á lóðinni fyrir bílskúr með flötu þaki og sólskála næst íbúðarhúsi.

„Hauka- Iðnskólareitur“ vegna Svöluhrauns 19.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst 2002 breytingu á deiliskipulagi „Hauka- Iðnskólareits“ vegna Svöluhrauns 19, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að heimilt er að innrétta húsið sem sambýli fyrir fatlaða þ.m.t. að breyta bílskúr í íbúðarhúsnæði. Þinglýsa skal kvöð þess efnis að ef húsið er nýtt til annars en sem sambýli fyrir fatlaða, skal húseigninni breytt aftur í einbýlishús með bílskúr.

Farið var með tillögurnar samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. september 2002.

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík og Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum borgarráðs Reykjavíkur og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að breyta hámarkshraða á neðangreindum götum svo sem hér segir:

1. Miklabraut (Nesbraut), frá Grensásvegi um Ártúnsbrekku og Vesturlandsveg að Suðurlandsvegi (hringvegi). Hámarkshraði verður 80 km/klst.
2. Vesturlandsvegur, um gatnamót Suðurlandsvegur. Hámarkshraði verður 70 km/klst.
3. Vesturlandsvegur, frá Suðurlandsvegi að Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Hámarkshraði verður 80 km/klst.
4. Vesturlandsvegur, frá Skarhólabraut norður fyrir Þingvallaveg. Hámarkshraði verður 70 km/klst.
5. Reykjanesbraut, frá Stekkjarbakka/Álfabakka að Fífuhvammsvegi. Hámarkshraði verður 70 km/klst.
6. Suðurlandsvegur, frá Vesturlandsvegi austur fyrir Hafravatnsveg. Hámarkshraði verður 80 km/klst.
7. Úlfarsfellsvegur, frá Vesturlandsvegi að Hafravatnsvegi og Hafravatnsvegur að þéttbýli í Mosfellsbæ. Hámarkshraði verður 70 km/klst.
8. Heiðmerkurvegur. Hámarkshraði verður 60 km/klst.

Ákvörðun þessi öðlast gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. september 2002.

Böðvar Bragason.